

5. gr.

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1985 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 492/1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 200, 26. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar.

A.1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:

Orkugjald	4,70 kr/kWh
Fast gjald	1 340,00 kr/ár

A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

Orkugjald	7,00 kr/kWh
Fast gjald	3 690,00 kr/ár

B. Aftaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Orkugjald	1,79 kr/kWh
Aflgjald	5 800,00 kr/kW ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafli 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	10 000,00 kr/kW ár
Viðhaldsgjald	10 600,00 kr/kW ár
Gjald samtals	20 600,00 kr/kW ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C.1 Órofin húshitun	2,72 kr/kWh
C.2 Daghitun, húshiti rofinn	0,90 kr/kWh
C.3 Næturhitun, húshitun	0,49 kr/kWh

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D.1 Af einfasa mælum	27,00 kr/pr.mán
D.2 Af þrífasa mælum upp að 50A	102,00 kr/pr.mán
D.3 Af þrífasa mælum 50A og ofar	150,00 kr/pr.mán
D.4 Af álagsstýringarliðum	150,00 kr/pr.mán
D.5 Af aflmælum	250,00 kr/pr.mán

Mælaleiga reiknast ekki af almennum taxta A.1 og A.2. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málmstraumur:	Heimtaugargjöld:
63A 1-fasa	31 400,00 kr.
63A 3-fasa	34 000,00 kr.
100A 3-fasa	40 400,00 kr.
200A 3-fasa	65 100,00 kr.
315A 3-fasa	136 500,00 kr.
300KVA 3-fasa	189 000,00 kr.
500KVA 3-fasa	319 200,00 kr.
800KVA 3-fasa	504 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvars húsveitu.

Bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málmstraumur.

63A	1-fasa	5 500,00 kr.
63A	3-fasa	6 200,00 kr.
100A	3-fasa	8 300,00 kr.

Málmstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 680 kr.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 680 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun, og viðhaldsgjald götulysingar.

6. gr.

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrá þessarar til samræmis um allt að 63% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá rafveitu Keflavíkur frá 1. janúar 1985 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4% af þeirri breytingu.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1985 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 492/1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 203, 24. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 16

9. janúar 1985

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar.

A.1 Verð á rafmagni til heimilisnotkunar:	
Orkugjald	4,70 kr/kWh
Fast gjald	1 344,00 kr/ár
A.2 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:	
Orkugjald	4,70 kr/kWh
Fast gjald	3 684,80 kr/ár
A.3 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
Orkugjald	7,00 kr/kWh
Fast gjald	3 684,80 kr/ár

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
Orkugjald	2,13 kr/kWh
Aflgjald	5 488,00 kr/kW ár
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW.	
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.	
Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	
B.2 Verð á rafmagni við viðhald úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
Aflgjald	10 000,00 kr/kW ár
Viðhaldsgjald	10 600,00 kr/kW ár
Gjald samtals	20 600,00 kr/kW ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.	